

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2006 frá 28. apríl 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/362/EB frá 2. maí 2005 um samþykkt áætlunar um að útrýma afrikusvínapest í villtum svínunum á Sardiníu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/375/EB frá 11. maí 2005 um breytingu á ákvörðun 90/255/EBE um færslu um hrúta og hafra í viðauka við ættbókina ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/379/EB frá 17. maí 2005 um ættartölvottorð og upplýsingar um hreinræktuð kynbótadýr af nautgripakyni og sæði, egg og fósturvísa úr þeim ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/392/EB frá 17. maí 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/233/EB að því er varðar skrá yfir rannsóknarstofur sem heimilt er að kanna árangur þess að bólusetja tiltekin húsdýr, sem eru kjötætur, gegn hundæði ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/393/EB frá 23. maí 2005 um verndar- og eftirlitssvæði með tilliti til blátungu og skilyrði fyrir flutningi frá og um þessi svæði ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/434/EB frá 9. júní 2005 um breytingu á ákvörðun 2005/393/EB að því er varðar undanþágu frá banni við flutningi dýra út af tækmörkunarsvæðum þegar um er að ræða flutninga dýra innanlands ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/458/EB frá 21. júní 2005 um að veita Ítalíu undanþáguna sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 92/102/EBE um auðkenningu og skráningu á dýrum ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 86, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 29.6.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 118, 5.5.2005, bls. 37.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 121, 13.5.2005, bls. 87.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 125, 18.5.2005, bls. 15.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 130, 24.5.2005, bls. 17.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 130, 24.5.2005, bls. 22.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 151, 14.6.2005, bls. 21.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 160, 23.6.2005, bls. 31.

- 9) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 932/2005 frá 8. júní 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar, að því er varðar framlengingu á bráðabirgðaráðstöfunum ⁽⁹⁾.
- 10) Með ákvörðun 2005/379/EB eru felldar úr gildi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 86/404/EBE ⁽¹⁰⁾, 88/124/EBE ⁽¹¹⁾ og 96/80/EB ⁽¹²⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott.
- 11) Með ákvörðun 2005/393/EB er felld úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/828/EB ⁽¹³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.
- 12) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 932/2005 og ákvarðana 2005/362/EB, 2005/375/EB, 2005/379/EB, 2005/392/EB, 2005/393/EB, 2005/434/EB og 2005/458/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 163, 23.6.2005, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 233, 20.8.1986, bls. 19.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 62, 8.3.1988, bls. 32.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 19, 25.1.1996, bls. 50.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 311, 27.11.2003, bls. 41.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2006

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 18. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/557/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 1.2:

„19. **32005 D 0458**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/458/EB frá 21. júní 2005 um að veita Ítalíu undanþáguna sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 92/102/EBE um auðkenningu og skráningu á dýrum (Stjtið. ESB L 160, 23.6.2005, bls. 31).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 30. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/8/EB) í hluta 2.2:

„31. **32005 D 0379**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/379/EB frá 17. maí 2005 um ættartöluvottorð og upplýsingar um hreinræktuð kynbótadýr af nautgripakyni og sæði, egg og fósturvísa úr þeim (Stjtið. ESB L 125, 18.5.2005, bls. 15).“
3. Texti 4. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 86/404/EBE), 6. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 88/124/EBE) og 27. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/80/EB) í hluta 2.2 falli brott.
4. Eftirfarandi bætist við í 17. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/255/EBE) í hluta 2.2:

„, eins og henni var breytt með:

 - **32005 D 0375**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/375/EB frá 11. maí 2005 (Stjtið. ESB L 121, 13.5.2005, bls. 87).“
5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 32. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB) í hluta 3.2:

„33. **32005 D 0393**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/393/EB frá 23. maí 2005 um verndar- og eftirlitssvæði með tilliti til blátungu og skilyrði fyrir flutningi frá og um þessi svæði (Stjtið. ESB L 130, 24.5.2005, bls. 22), eins og henni var breytt með:

 - **32005 D 0434**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/434/EB frá 9. júní 2005 (Stjtið. ESB L 151, 14.6.2005, bls. 21).“
6. Texti 30. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/828/EB) í hluta 3.2 falli brott.
7. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 31. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/235/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:

„32. **32005 D 0362**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/362/EB frá 2. maí 2005 um samþykkt áætlunar um að útrýma afrikusvínapest í villtum svínum á Sardiníu (Stjtið. ESB L 118, 5.5.2005, bls. 37).“

8. Eftirfarandi undirliður bætist við í 76. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/233/EB) í hluta 4.2:
„– **32005 D 0392**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/392/EB frá 17. maí 2005 (Stjtíð. ESB L 130, 24.5.2005, bls. 17).“

9. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:
„– **32005 R 0932**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 932/2005 frá 8. júní 2005 (Stjtíð. ESB L 163, 23.6.2005, bls. 1).“